

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur miðvikudaginn 23. nóvember 2011 í máli nr.

E-4170/2010:

Arion banki hf.

(Þorsteinn Ingi Valdimarsson, hdl.)

gegn

Margréti Rósu Pétursdóttur

(Kristján Stefánsson, hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 1. nóvember sl., er höfðað af Arion banka hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík, með stefnu birtri 11. maí 2010 á hendur Margréti Rósu Pétursdóttur, kt. 120658-3529, Garðastræti 34, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 24.340.774 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. febrúar 2010 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en til vara að kröfur verði stórlega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu auk virðisaukaskatts.

Í upphaflegum dómkröfum stefndu var þess aðallega krafist, að málinu yrði vísað frá dómi. Var frávísunarkröfu stefndu í málinu hafnað með úrskurði 20. janúar 2011.

I

Stefnandi kveður kröfu sína byggða á yfirdráttarheimild á veltureikningi. Hinn 23. ágúst 2007 hafi stefnandi samþykkt umsókn stefndu um stofnun veltureiknings nr. 0330-26-800500 með heimild til yfirdráttar í útibúi stefnanda. Þegar heimild til yfirdráttar hafi runnið út 26. febrúar 2010, hafi vanskilaskuldin staðið í 24.340.774 krónum samkvæmt reikningaskrá. Hafi skuldin ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því hafi verið nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Með heimild í lögum nr. 125/2008 hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun 9. október 2008 að taka yfir vald hluthafafundar Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, og víkja stjórn bankans og skipa skilanefnd yfir hann. Þá hafi ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Arion banka hf. verið ákveðin með ákvörðun

Fjármálaeftirlitsins 22. október 2008.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglna samningaréttarins um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Málskostnaðarkrafan er studd við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kröfu sína um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun reisir stefnandi á lögum nr. 50/1988, en stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefndu.

II

Stefnda reisir sýknukröfu sína á því, að hún hafi ekki sjálf stofnað til viðskipta við stefnanda. Kannast hún ekki við að hafa óskað eftir yfirdráttarheimild hjá stefnanda. Tekur krafa stefndu um sýknu því mið af þeirri staðhæfingu stefndu, að hún skuldi stefnanda ekkert.

Þá mótmælir stefnda öllum kröfum stefnanda um dráttarvexti fyrir en frá og með dómsuppsögu. Krafa stefndu um málskostnað er reist á ákvæðum laga nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988, en stefnda kveðst ekki hafa á hendi virðisaukaskattskylda starfsemi og henni beri því nauðsyn til að heimta virðisaukaskatt úr hendi stefnanda.

III

Stefnandi kveður stefndu hafa stofnað tékkareikning með heimild til yfirdráttar í útibúi forvera stefnanda, Kaupþingi banka hf., 23. ágúst 2007, með reikningsnúmerið 0330-26-800500. Þegar heimild til yfirdráttar hafi runnið út 26. febrúar 2010 hafi vanskilaskuld á reikningnum numið 24.340.774 krónum. Stefnda kveðst ekki hafa stofnað umræddan reikning eða óskað eftir yfirdráttarheimild hjá stefnanda og skuldi hún honum því ekkert.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu um stofnun reikningsins, en í málinu hafa verið lögð fram reikningsyfirlit af hálfu stefnanda frá stofnun reikningsins til 31. desember 2009. Má þar sjá, að frá stofnun reikningsins hefur verið yfirdráttarheimild á reikningnum frá stofndegi, þegar heimildin er nýtt til fulls og millifært er af reikningnum yfir á annan reikning í eigu sama reikningseiganda. A reikningsyfirlitunum, sem send voru á lögheimili stefndu, kemur fram, að athugasemda sé óskað innan 20 daga frá viðtöku yfirlitanna, annars teljist reikningurinn réttur. Hefur því ekki verið borið við í málinu, að þau hafi ekki borist stefndu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnda hafi gert athugasemdir eða borið brigður á yfirlitin fram til þessa málareksturs eða svarað tilkynningu um vanskil, sem henni var send 20. maí 2009. Er engum skýringum af hálfu stefndu borið við um það, hvers vegna það hafi ekki verið gert. Enda þótt umsókn um

stofnun reiknings hafi ekki verið lögð fram af hálfu stefnanda í málinu, þá þykja framlögð reikningsyfirlit sýna fram á, að reikningur hafi verið stofnaður í nafni stefndu, sem hún hafi ekki gert athugasemdir við og því sætt sig við. Telst reikningurinn því hennar. Verður því ekki fallist á, að stefnda skuldi stefnanda ekkert, enda ber hún ábyrgð á þeim skuldum, sem stofnað er til á reikningi hennar með lögmatum hætti, en því hefur ekki verið hreyft í málinu, að færslur á reikninginn hafi komið til með ólögmatum hætti eða án samþykkis hennar.

Að þessu virtu verður stefnda talin skulda stefnanda umkrafða fjárhæð í málinu og dæmd til greiðslu hennar.

Af hálfu stefndu er dráttarvaxtakröfu stefnanda mótmælt. Stefnandi krefst dráttarvaxta frá 26. febrúar 2010, en þá var síðasta hreyfing skráð á reikningnum. Reikningurinn er í vanskilum frá 30. júní 2009 að telja samkvæmt sama yfirliti, en stefnda hafði þegar verið send tilkynning um vanskil 20. maí sama ár. Hefur stefnda ekki gert nægilega grein fyrir því, að hvaða leyti dráttarvaxtakröfunni er mótmælt eða hvers vegna miða skuli við síðari dagsetningu en 26. febrúar 2010. Verður því fallist á dráttarvaxtakröfu stefnanda eins og henni er lýst í dómsorði.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda málskostnað. Samhliða máli þessu er rekið málið E-4171/2010 milli sömu aðila. Málskostnaður er því ákvarðaður með hliðsjón af 4. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og þykir hæfilega ákveðinn 130.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Af hálfu stefnanda flutti málið Þorsteinn Ingi Valdimarsson, hdl., en af hálfu stefndu flutti málið Kristján Stefánsson, hrl.

Dóm þennan kveður upp Hrannar Már S. Hafberg, settur héraðsdómari.

D Ó M S o r ð :

Stefnda, Margrét Rósa Pétursdóttir, greiði stefnanda, Arion banka hf., 24.340.774 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. febrúar 2010 til greiðsludags.

Stefnda greiði stefnanda 130.000 krónur í málskostnað.

Hrannar Már S. Hafberg